

# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Reykjavík, 15. mars 2019

Dómsmálaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu  
Hlíðasmára 1  
201 Kópavogi

Það tilkynnist hér með að ég hef lokið forathugun minni á gjaldtöku sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu fyrir afrit af gögnum úr stjórnsýslumáli. Tilefni athugunarinnar var upphaflega kvörtun sem mér barst og laut að beiðni einstaklings um gögn í máli sem varðaði forsjár-, umgengnis- og lögskilnaðarmál hjá embættinu. Því máli var lokið með bréfi, dags. 8. nóvember sl., en við athugun á því staðnæmdist ég við að viðkomandi hefði verið tilkynnt að fyrir afrit af gögnum þyrfti að greiða 250 kr. fyrir hverja blaðsíðu.

Svo mér væri unnt að meta hvort tilefni væri til að taka þetta atriði til athugunar á grundvelli frumkvæðisheimildar umboðsmanns í 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, ritaði ég sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu bréf, dags. 8. nóvember sl. Þar óskaði ég eftir að sýslumaðurinn upplýsti mig um hvaða lagasjónarmið lögju því til grundvallar að byggja gjaldtöku fyrir afrit af gögnum úr stjórnsýslumáli hjá embættinu á 17. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, en ekki gjaldskrá ráðherra nr. 307/2009, fyrir ljósrit eða afrit sem veitt eru á grundvelli stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 3. mgr. 15. gr. laganna. Svar við fyrirspurninni barst með bréfi sýslumanns, dags. 28. nóvember sl. Meðal þess sem þar kemur fram er að aðili að stjórnsýslumáli sem hefur verið lokið hjá embættinu sé krafinn um gjald fyrir afhendingu gagna úr málinu á grundvelli laga nr. 88/1991 en ekki samkvæmt gjaldskránni, að þeim tilvikum undanskildum þegar um sé að ræða gagnaöflun vegna kærumeðferðar eða málskots til dómstóla.

Svar sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu varð tilefni til þess að óskað var eftir afstöðu dómsmálaráðuneytisins til þeirrar framkvæmdar og lagatúlkunar hans sem þar var lýst. Svar dómsmálaráðuneytisins barst með bréfi, dags. 8. mars sl. Þar segir m.a. eftirfarandi:

„Um meðferð fjölskyldumála á grundvelli barnalaga nr. 76/2003 gilda stjórnarsýslulög sé ekki kveðið á um annað í lögunum, sbr. 1. mgr. 71. gr. laganna. Réttur aðila máls til aðgangs að gögnum skv. 15. gr. stjórnarsýslulaga tekur bæði til mála sem eru til afgreiðslu svo og til mála sem þegar hafa verið afgreidd. Að mati ráðuneytisins eiga stjórnarsýslulög við um afhendingu gagna í stjórnarsýslumáli sem rekið er á grundvelli barnalaga og gildir gjaldskrá nr. 307/2009 um gjalddöku að því leyti, enda er í barnalögum sérstaklega vísað til þess að þau gildi um rétt aðila máls til að kynna sér skjöl og önnur gögn er mál varðar, sbr. 75. gr. laganna. Sú framkvæmd og lagatúlkun sem embættið gerir grein fyrir í svarbréfi sínu frá 28. nóvember 2018, þ.e. að innheimta gjaldanna fari samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 88/1991 og að gerður sé greinarmunur á milli mála sem er lokið og þeirra sem eru til meðferðar hjá embættinu eða fyrir æðra stjórnvaldi eða dómstólum, þykir því að mati ráðuneytisins ekki rétt.

Með vísan til framangreinds mun ráðuneytið á grundvelli yfirstjórnunarheimilda þess beina þeim tilmælum að sýslumannsembættunum að þau láti af umræddri framkvæmd og hagi gjalddökunni eftirleiðis í samræmi við gjaldskrá nr. 307/2009, þ.e. þegar málsaðili óskar eftir ljósriti eða afriti málsgagna á grundvelli stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.“

Í ljósi þessarar afstöðu dómsmálaráðuneytisins og boðaðra viðbragða þess tel ég ekki tilefni til að taka þetta atriði til formlegrar athugunar á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Ég mun þó áfram fylgjast með þessum málum með hliðsjón af þeim kvörtunum og ábendingum sem mér kunna að berast og taka til frekari athugunar ef ég tel ástæðu til. Þá óska ég eftir því að ráðuneytið sendi mér afrit af tilmælum þess til sýslumannsembættanna þegar þau liggja fyrir.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson